



Vinnuskóli Reykjaneshæjar

Skýrsla sumarið 2023

1. Inngangur
2. Um starfsemi Vinnuskóla Reykjanesbæjar
3. Umsjónarteymið
4. Undirbúningur sumarið 2023
5. Fjöldi og hlutverk starfsfólks
6. Tölfræði yfir umsóknir grunnskólanema
7. Ungmenni með sértækar stuðningsþarfir
8. Samstarfsverkefni
9. Námskeiðsvika starfsfólks
10. Fræðsludagur Vinnuskólans
11. Forvarnardagur Vinnuskólans og Fjörheima
12. Heilsa og líðan starfsfólks
13. Samskiptamál og önnur atvik
14. Lokaorð

Upplýsingarsíða Vinnuskóla Reykjanesbæjar 2023

<https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/ithrottir-tomstundir/vinnuskoli-reykjanesbaejar>

Umsóknarvefur Vinnuskóla Reykjanesbæjar 2023

<https://vinnuskoli.reykjanesbaer.is/>

1. Inngangur

Vinnuskóli Reykjanesbæjar tilheyrði frá og með janúar 2023 menntasviði Reykjanesbæjar, en tilheyrði áður umhverfis- og skipulagssviði. Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður 88 hússins og Fjörheima fékk verkefnið úthlutað og hafði því Vinnuskólinn aðsetur í 88 húsinu líkt og árið 2022. Aníta Lind Róbertsdóttir var ráðin sem forstöðumaður Vinnuskólans, en þetta var áttunda sumarið hennar í starfi hjá Vinnuskóla Reykjanesbæjar, fimmta árið með umsjón með verkefninu.

2. Um starfsemi Vinnuskóla Reykjanesbæjar

Vinnuskólinn bauð sumarið 2023 öllum grunnskólanemum í 8. – 10. bekk sumarstarf. Vinnuskólinn er almennt fyrsta starf ungmenna og lögðum við því áherslu á bjóða upp á fræðandi, skemmtilegt og skapandi starfsumhverfi. Í Vinnuskólanum fá ungmenni tækifæri til þess að mynda ný tengsl, öðlast reynslu í mannlegum samskiptum og virðingu gagnvart umhverfi sínu. Í ljósi þess að Vinnuskólinn tilheyrði í ár menntasviði lögðum við áherslu á *virgni, forvarnir og fræðslu*: *Virgni* með jákvæðri stjórnun og hvatningu í daglegu starfi og eftirfylgni ungmenna hvað varðar mætingu. *Forvarnir* með reglum sem við settum upp fyrir sumarið sem stuðla að heilbrigðara líferni og með forvarnardeginum sem við héldum líkt og fyrri ár. *Fræðslu* með fræðsludeginum sem var haldinn og sagt verður betur frá á eftir.

Vinnuskólinn felur í sér bæði hefðbundið starf við götu- og beðahreinsun, og samstarfsverkefni. Hefðbundið starf felur í sér fegrun á umhverfinu, um leið og ungmennin þjálfast í vinnubrögðum sem skila sér út í samfélagið til framtíðar. Samstarfsverkefnin fela í sér að ungmennin hafa kost á að óska eftir fjölbreyttum sumarstörfum hjá samstarfsaðilum Vinnuskólans, þ.e. æskulýðs- og íþróttafélögum, og ákveðnum stofnunum Reykjanesbæjar. Opnað var fyrir umsóknir ungmenna í lok apríl og auglýstur var umsóknarfrestur til 31. maí, en umsóknir héldu þó áfram að berast yfir allt sumarið og allar umsóknir samþykktar og öll ungmenni boðin velkomin til starfa óháð umsóknarfrest. Síðastliðin ár hefur Vinnuskólinn aldrei sett umsóknarfrest á umsóknir ungmenna, og settum við því umsóknarfrest í ár fyrst og fremst til þess að athuga áhrif þess. Það er mat okkar að nauðsynlegt sé að setja umsóknarfrest og að honum sé fylgt eftir.

Ungmenni í hefðbundnu starfi unnu frá 12. júní til 27. júlí, mánudaga til fimmtudaga. Ungmenni í 8. bekk unnu frá kl. 08:30 – 11:30 (að hámarki 60 klst), þar af 15-20 mínútur í launað hlé. Ungmenni í 9. og 10. bekk unnu frá kl. 08:30 – 15:30 (að hámarki 120 klst), þar af

30-40 mínútur í launað hlé yfir daginn og 60 mínútur í hádegishlé, en þá eru ungmennin frjáls ferða sinna og hléið ólaunað.

Hefðbundið starf vinnuskólans felur í sér sjö starfsstöðvar og voru þær staðsettar við; *Akurskóla, Háaleitisskóla, Heiðarskóla, Holtaskóla, Myllubakkaskóla, Njarðvíkurskóla og Stapaskóla.*

Ungmenni hjá samstarfsverkefnum unnu flest frá 12. júní til 27. júlí, en einhver samstarfsverkefni hófu störf fyrr eða luku störfum seinna. Vinnutímar þeirra eru breytilegir og ákvörðun hvers stjórnanda fyrir sig. Hámarks vinnustundir þeirra voru þær sömu og hjá ungmennum í hefðbundnu starfi (60 – 120 klukkustundir, eftir árgang).

3. Umsjónarteymið

Umsjónarteymi Vinnuskólans er skipulag sem Aníta Lind Róbertsdóttir setti upp sumarið 2020 og hefur reynst afar vel síðan þá. Starf umsjónarteymisins felur í sér skipulag á starfi Vinnuskólans frá grunni, í ár með aðstoð Gunnhildar Gunnarsdóttur forstöðumanni 88 hússins og Fjörheima. Mikilvægt er að allir meðlimir umsjónarteymisins leggi sitt af mörkum og myndi góða heild sem leggur grunninn að árangursríku starfi Vinnuskólans.

Sumarið 2023 samanstóð umsjónarteymið af forstöðumanni ásamt fjórum yfirflokkstjórum; (A) *umsjónaraðili samskipta*, (B) *umsjónaraðili samstarfsverkefna*, (C) *umsjónaraðili verklegs starfs í Keflavík og umsjón með hrúgum og* (D) *umsjónaraðili verklegs starfs í Njarðvík og umsjón með samfélagsmiðlum*. Forstöðumaður og yfirflokkstjórar A og B störfuðu á skrifstofu, en yfirflokkstjórar C og D við verklegt starf, skipulag og eftirlit.

Umsjónarteymið sumarið 2023 samanstóð af; (*forstöðumaður*) *Anítu Lind Róbertsdóttur með 8 ára starfsreynslu hjá Vinnuskólanum*, (A) *Hreggvið Hermannssyni BSc í sálfræði með 6 ára starfsreynslu*, (B) *Alexöndru Mist Gunnarsdóttur tólmstunda og félagsfræðinema með 6 ára starfsreynslu*, (C) *Fannari Gíslasyni verkfræðinema með 6 ára starfsreynslu og* (D) *Hjördísi Lilju Traustadóttur hjúkrunarfræðinema með 4 ára starfsreynslu*.

Umsjónarteymið hafði aðstöðu í 88 húsinu, en rétt fyrir 12. júní fluttu þau aðsetur sitt í Fimleika Akademíuna og var Vinnuskólinn eina starfsemin í húsinu allan júlí mánuð. Aðstaðan í Fimleika Akademíunni er frábær fyrir starfsemi Vinnuskólans, því þar er nauðsynlegt næði til þess að taka símtöl og fundi, þá sérstaklega góð aðstaða fyrir vikulega stöðufundi með flokkstjórum.

4. Undirbúningur sumarsins 2023

Forstöðumaður Vinnuskólans var í hlutastarfi frá 1. febrúar og fullu starfi frá 1. apríl. Störf Vinnuskólans, flokkstjóra og yfirflokkstjórastörf voru auglýst í febrúar 2023 og sá forstöðumaður um ráðningar með aðstoð Gunnhildar forstöðumanns 88 hússins og Fjörheima. Ráðningarviðtöl voru tekin við alla hæfa umsækjendur í lok mars og gengið var frá ráðningum í apríl.

Starf forstöðumanns fól í sér skipulag á öllu starfi vinnuskólans, ráðningar, undirritun ráðningarsamninga og önnur mannauðsmál, tímaskráningu og launamál starfsfólks í Vinnustund og Kjarna, úrlausn vandamála og samskipti við foreldra, nemendur og samstarfsaðila vinnuskólans.

Yfirflokkstjóri A, *umsjónartaðili samskipta* sá um að fara yfir og samþykkja umsóknir ungmenna, úthlutaði ungmennum starfsstöðvar, bauð forsjáraðilum ungmenna með sértækar stuðningsþarfir upp á sérstaka þjónustu og sá til þess að tekið væri vel á móti þeim ungmennum og þeirra þörfum mætt eftir okkar bestu getu. Viðkomandi sá einnig um öll samskiptamál í samvinnu við forstöðumann. Dagsdaglega voru helstu hlutverk símsvörun og tölvupóstsamskipti við forsjáraðila, stuðningur og leiðsögn við starfsfólk.

Yfirflokkstjóri B, *umsjónaraðili samstarfsverkefna* sá um að funda með umsjónaraðilum samstarfsverkefna, kynna fyrir þeim starfsemi vinnuskólans, fyrirkomulag samstarfsverkefna og tímaskráninga kerfið Kríu. Dagsdaglega voru helstu hlutverk símsvörun og tölvupóstsamskipti við forsjáraðila, stuðningur og leiðsögn við starfsfólk.

Yfirflokkstjórar A og B á skrifstofu settu upp og héldu kynningar fyrir ungmenni í 8. bekkjum grunnskóla Reykjanesbæjar um starfsemi Vinnuskólans og er það mat okkar að kynningarnar skiluðu góðum árangri bæði hvað varðar fjölda umsókna og viðhorf og hegðun ungmenna hjá okkur í sumar. Einnig settu yfirflokkstjórar A og B upp kynningar fyrir flokkstjóra og fluttu þær kynningar á námskeiðsviku fyrstu vikuna í júní til að undirbúa flokkstjóra vel fyrir starfið framundan.

Yfirflokkstjórar C og D settu upp verklegt skipulag fyrir bæði flokkstjóra og grunnskólanema í forritinu Excel Online undir leiðsögn forstöðumanns, sáu til þess að verkefnaplönunum væri framfylgt og sátu vikulega fundi með garðyrkjustjóra Reykjanesbæjar Berglindi Ásgeirsdóttur til að fara yfir stöðu mála. Yfirflokkstjórar C og D sóttu þrjá vinnubíla til bílaleigunnar Hertz, sáu um talningu og innkaup á vinnuvestum og verkfærum, og komu verkfærakistum, verkfærum og vinnuvestum fyrir á starfsstöðvarnar

sjö. Yfirflokkstjórar C og D settu einnig upp kynningar fyrir flokkstjóra og fluttu þær á námskeiðsviku flokkstjóra.

Yfirflokkstjórar hófu störf fimmtudaginn 11. maí og flokkstjórar mánudaginn 15. maí. Frá þeim tíma og til 2. júní sinntu yfirflokkstjórar og flokkstjórar hefðbundnu starfi við götu- og beðahreinsun, og sátu svo undirbúningsnámskeið fyrir starfið framundan vikuna 5. – 9. júní. Ungmenni hófu svo störf 12. júní, en einhver samstarfsverkefni hófu störf fyrir í samráði við umsjónaraðila samstarfsverkefna.

Námskeiðsvikan bar heitið „Jákvæður leiðtogi“ og voru eftirfarandi kynningar haldnar; *Inngangur að vinnuskólanum, Workplace og Kría, Mannauðsstjóri Reykjanesbæjar, Verklegt starf og verkferlar, Skyndihjálparnámskeið, Vinnuvernd, Barnavernd, Símanotkun og samskipti, Sérþækar stuðningsþarfir, Ungmenni gera vel þegar þau geta, Jákvæður leiðtogi frá KVAN*. Hópefli var tvisvar yfir vikuna og ígrundun í lok hvers dags, þar sem starfsfólk ígrundaði hvað það hafði lært þann daginn og hvernig það gæti nýtt sér þá vitneskju í starfinu framundan. Farið verður yfir námskeiðsvikuna í öðrum kafla.

5. Fjöldi og hlutverk starfsfólks

Í heildina unnu 38 starfsmenn hjá Vinnuskólanum sumarið 2023. Þar af einn forstöðumaður, fjórir yfirflokkstjórar og 33 flokkstjórar. Af 33 flokkstjórum störfuðu 30 með hefðbundnum hópum, tveir með hóp ungmenna með sérþækar stuðningsþarfir og einn í Listasmiðju Fjörheima. Af 33 flokkstjórum voru þrír í 52% starfshlutfalli og voru þau þess vegna einungis flokkstjórar hjá 8. bekk. Það er mat okkar að fjöldi flokkstjóra var nægur fyrir þann fjölda ungmenna sem kom til starfa. Að ungmenni í 8. bekk vinni einungis til 11:30 skapar svigrúm fyrir önnur verkefni flokkstjóra eftir hádegi, t.d. að aðstoða 9. og 10. bekk eða sinna hefðbundnu starfi við götu- og beðahreinsun. Að okkar mati mætti þó hafa allt að 7 flokkstjóra í 52% starfi, og að ráðning þeirra væri jafnvel einungis í júní og júlí mánuð. Nauðsynlegt er þó að geta nýtt flokkstjóra 8. bekkjar í að aðstoða flokkstjóra 9. og 10. bekkjar eftir hádegi, og verða því ávallt einhverjir 8. bekkjar flokkstjórar að vera í 100% starfshlutfalli.

Líkt og fyrir segir felur starfsemi Vinnuskólans og þar af leiðandi starf flokkstjóra í sér sjö starfsstöðvar, og er mikilvægt að það komi fram í starfsauglýsingu, í ráðningarviðtali og við undirritun ráðningarsamnings. Flokkstjórum er úthlutað starfsstöð, ávallt með fyrirvara

um breytingar og ber þeim að sinna ávallt þeim verkefnum sem þeim eru úthlutuð óháð starfsstöð.

Skóli	Bekkur	Starfsmaður
Heiðarskóli	8. bekkur	Sonja Bjarney Róbertsdóttir
Heiðarskóli	8. bekkur	Tanja Marín Unnarsdóttir
Heiðarskóli	9. og 10. bekkur	Sigurður Orri Ingimarsson
Holtaskóli	8. bekkur	Eva María Davíðsdóttir
Holtaskóli	8. bekkur	Anna Ingunn Svansdóttir
Holtaskóli strákar	9. og 10. bekkur	Helgi Bergmann Hermannsson
Holtaskóli strákar	9. og 10. bekkur	Axel Ingi Auðunsson
Myllubakkaskóli	8. bekkur	Fanney Rún Einarsdóttir
Myllubakkaskóli	8. bekkur	Ástríður Jóhannsdóttir
Myllubakkaskóli	9. bekkur	Rúnar Smári Sigurðarson
Myllubakkaskóli	10. bekkur	Emil Örn Gunnarsson
Njarðvíkurskóli	8. bekkur	Herdís Birta Sölvadóttir
Njarðvíkurskóli	8. bekkur	Gígja Guðjónsdóttir
Njarðvíkurskóli	9. bekkur	Þórunn Friðriksdóttir / Svala Rún Magnúsdóttir
Njarðvíkurskóli	10. bekkur	Eypór Einarsson
Ásbrú	8. bekkur	Anna Lára Vignisdóttir
Ásbrú	8. bekkur	Agnes María Svansdóttir
Ásbrú	9. bekkur	Sigurður Magnússon
Ásbrú	10. bekkur	Fannar Freyr Einarsson
Akurskóli	8. bekkur	Katrín Dögg Lucic
Akurskóli	8. bekkur	Harpa Rós Guðnadóttir
Akurskóli	9. bekkur	Jökull Máni Jakobsson
Akurskóli	10. bekkur	Ragnar Ingi Sigurðsson
Stapaskóli	8. bekkur	Birgitta Rós Jónsdóttir
Stapaskóli	8. bekkur	Ása Gísladóttir

Heiðarskóli	9. bekkur	Stefán Júlían Sigurðsson
Stapaskóli	9. bekkur	Garðar Franz Gíslason
Stapaskóli	10. bekkur	Falur Orri Guðmundsson
Skjólið		Viðar Már Ragnarsson
Skjólið		Heiðdís Inga Halldórsdóttir
Listasmiðja		Hrafnhildur Una Magnúsdóttir

6. Tölfræði yfir umsóknir grunnskólanema

820 grunnskólanemar voru skráðir í árgangana skólaárið 2022-2023 samkvæmt [gagnatorgi Reykjanesbæjar](#), og bárust umsóknir um starf hjá Vinnuskólanum frá **603** ungmennum, þar af voru **6** ungmenni án kennitölu og því utan kerfis hjá okkur. **73.54%** grunnskólanema sóttu því um sumarstarf hjá Vinnuskóla Reykjanesbæjar sumarið 2023, sem er svipað hlutfall og árið 2022. **276 (46%)** ungmenni störfuðu hjá samstarfsaðilum, og voru því um **327 (54%)** ungmenni í hefðbundnu starfi.

Líkt og fyrr segir voru umsóknir **603** talsins, þar af **262** ungmenna í 8. bekk, **183** ungmenna í 9. bekk og **148** ungmenna í 10. bekk. Flestar umsóknir bárust frá Holtaskóla (*103 umsóknir, 18%*) og fæstar umsóknir frá Akurskóla (*63 umsóknir, 10%*). En þegar horft er til nemendafjölda grunnskólana bárust hlutfallslega fæstar umsóknir frá Háaleitisskóla (*70 umsóknir af 129 nemendum, 54.3%*). Hlutfallslega bárust flestar umsóknir frá Stapaskóla (*89 umsóknir af 104 nemendum, 85.5%*).

Tafla 1

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar eftir árgöngum. Athugið að inní tölurnar vantar þau ungmenni sem við höfum eytt úr kerfinu og ungmenni án kennitölu.

Árgangur	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
8. bekkur	262	308	85%
9. bekkur	183	262	70%
10. bekkur	148	250	59%

Tafla 2

Hlutfall umsókna og fjölda nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar eftir skólum. Athugið að inní tölurnar vantar þau ungmenni sem við höfum eytt úr kerfinu og ungmenni án kennitölu.

Grunnskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
Akurskóli	63	96	65.6%
Háaleitisskóli	70	129	54.3%
Heiðarskóli	99	125	79.2%
Holtaskóli	103	143	72%
Myllubakkaskóli	78	104	75%
Njarðvíkurskóli	80	119	67.2%
Stapaskóli	89	104	85.5%
Samtals	582	820	70.9% (73.54%)

7. Ungmenni með sértækar stuðningsþarfir

Vinnuskóli Reykjanesbæjar leggur áherslu á að bjóða öllum ungmennum Reykjanesbæjar sumarstarf og mæta þörfum hvers og eins ungmennis. **77** ungmenni og forsjáraðilar þeirra greindu frá sérþörfum eða sértækum stuðningsþörfum í umsókn. Með sérþörfum er sem dæmi átt við líkamlegar eða andlegar áskoranir, svo sem sjúkdóma, meiðsl, þunglyndi og kvíða. Með sértækum stuðningsþörfum er átt við frávik í þroska, m.a. einhverfu, ADHD og þroskaskerðingu. Af þessum **77** ungmennum hefðu **15 til 20** þeirra þurft

sérstakan stuðning til þess að þörfum þeirra yrði mætt og þau hefðu notið sín sem best í starfi hjá Vinnuskólanum. Við höfðum fjármagn til þess að ráða inn tvo starfsmenn til þess að annast þennan hóp ungmenna, og gátu þessir tveir starfsmenn séð um að hámarki **átta** ungmenni með sértækar stuðningsþarfir og voru því um **sjö til 12** ungmenni í hefðbundnum hóp án þess stuðnings sem þau hefðu þurft á að halda.

Í upphafi sumars fóru forstöðumaður og umsjónaraðili samskipa, vel yfir umsóknir þeirra ungmenna sem skráðu sérþarfir eða sértækar stuðningsþarfir. Haft var samband við þá forsjáraðila sem skráðu sértækar stuðningsþarfir í umsókn ungmennis og þeim boðið að gera betur grein fyrir stuðningsþörfum ungmennisins og starfsemi Vinnuskólans útskýrð vel fyrir þeim. Umsjónarteymið fór vel yfir þær upplýsingar sem lágu fyrir og með aðstoð Gunnhildar Gunnarsdóttur, forstöðumanns Fjörheima/88 hússins og Vilborgar Pétursdóttur, teymisstjóra barna- og fjölskylduteymis var **átta** ungmennum boðið pláss.

Heiðís Inga Halldórsdóttir með BA menntun í þroskaþjálfarafræði og Viðar Már Ragnarsson viðskiptafræðinemi voru ráðin til starfa með tiltekinn hóp og höfðu þau aðsetur fyrir hópinn í 88 húsinu. Starfsfólki þótti starfsstöðin ekki uppfylla þeirra viðmið um viðunnandi aðstöðu fyrir þennan hóp, hvað varðar hávaða og erill í húsinu, en truflunin reyndist bæði starfsfólki og ungmennunum krefjandi.

Bæði ungmennunum og starfsfólki var boðið hádegismat, forsjáraðilar greiddu hluta af kostnaði máltíðar fyrir börnin sín en Reykjanesbær greiddi fyrir starfsfólkið. Starfsfólkið hafði bíl til afnota frá Fjörheimum til að sækja hádegismatinn til Ævintýrasmiðju. Starfsfólkið vann í hádegismatnum og fékk því eina klukkustund greidda í yfirvinnu mánudaga til fimmtudaga. Hópnum var skipt í tvennt: fyrir og eftir hádegi, svo aldrei voru fleiri en **fjögur** ungmenni samtímis í hópnum. Þetta reyndist bæði starfsfólki og ungmennum vel, en undir lok sumars var orðið afar fámennt í hópnum. Það er mat okkar að á næsta ári er hægt að bjóða fleirum ungmennum pláss í hópnum á þeim forsendum að þau starfi einungis 3 klst á dag, en ef ungmenni eru í 9. eða 10. bekk og vilja starfa í 6 klst á dag þá er það mat okkar að þau eiga að hafa svigrúm til að velja þann kost og þá líklega ekki hægt að bjóða fleirum pláss.

Líkt og fyrr segir var starfsstöð hópsins í 88 húsinu og vinnutími ungmenna var ýmist frá 08:30 – 15:30, frá 08:30 – 11:30 eða frá 12:30 – 15:30. Starfsfólkið var í beinum samskiptum við forsjáraðila þegar kom að veikindum, leyfi, og öðrum málum. Best er að samskiptum þessa hóps sé háttað þannig að þau séu milliliðalaus, án aðkomu

umsjónarteymisins. Umsjónarteymið var ávallt starfsfólki hópsins innan handar og kom upp eitt atvik í sumar þar sem umsjónarteymið þurfti að aðstoða starfsfólk við úrlausn máls.

Mikilvægt er að starfsfólk hópsins leggi sig fram við að kynnast ungmennunum og mæta þörfum hvers og eins með fjölbreyttri og sveigjanlegri dagsskrá, sem felur í sér bæði starf og leik. Starfsfólkið í ár lagði áherslu á frjálsræði, 50% starf og 50% skemmtun og það bar góðan árangur. Ungmennin komu flest til vinnu með ferðaþjónustunni og dagurinn byrjaður á slökun. Áður en ferðinni var heitið út að vinna hefðbundið starf við götu- og beðahreinsun voru verkefnin útskýrð vel fyrir þeim, en verkefnin fólu aðallega í sér hreinsun umhverfis 88 húsið og á götunum í nágrenninu.

Helstu áskoranir sem komu upp í sumar voru að nokkur ungmenni úr hópnum fóru úr vinnu án þess að láta starfsfólk eða foreldra vita og olli það bæði starfsfólki og foreldrum áhyggjum, en ungmennin fundust þó um leið og málin þar með leyst.

Mikilvægt er að starfsfólks þessa hóps hafi áhuga, þekkingu eða reynslu á sértækum stuðningsþörfum; hafi sem dæmi góða þekkingu á einhverfu og ADHD. Mikilvægt er að starfsfólk sýni öllum ungmennum jafnan áhuga og athygli, sé yfirvegað en þó ákveðið, traust og þolinmótt. Þróa þarf þetta úrræði enn frekar til að geta tekið við fleirum ungmennum, mætt þörfum hvers og eins betur, og hvetja þau til þátttöku í Vinnuskólanum.

8. Samstarfsverkefni

Vinnuskólinn hefur lengi átt gott samstarf við æskulýðs- og íþróttafélög og ýmsar stofnanir í Reykjanesbæ, sem gefur ungmennum kost á að óska eftir fjölbreyttum sumarstörfum sem tilheyra starfsemi Vinnuskólans. Sumarið 2023 voru samstarfsverkefnin **28** talsins: *Bókasafn Reykjanesbæjar, Dósasel, Golfklúbbur Suðurnesja, Hunda og kattahotel Ásbrú, Keflavíkurkirkja, KFUM og KFUK, Knattspyrnudeild Keflavíkur, Knattspyrnudeild Njarðvíkur, Kofabyggð, Körfuknattdeild Keflavíkur, Körfuknattdeild Njarðvíkur, Leikjaskóli Keflavíkur hjá Sindra, Leikjaskólinn Ásbrú, Leikskólinn Akur, Leikskólinn Garðasel, Leikskólinn Gimli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Stapaskóli, Leikskólinn Tjarnarsel, Leikskólinn Völlur, Listaskóli barna, Listasmiðja Reykjanesbæ, Reiðskóli Mána, Sport og Ævintýraskóli Andrésar, Sundráð ÍRB, Taekwondo, Ungmennaráð Reykjanesbæjar, og Ævintýrasmiðja.* Samstarfsverkefni sem voru með okkur sumarið 2022 en ekki sumarið 2023: *Hjálpræðisherinn, Júdo, Leikskólinn Hjallatún, Leikskólinn Skógarás og Leikskólinn Vesturberg.*

Umsjónaraðili samstarfsverkefna, Alexandra Mist Gunnarsdóttir hélt utan um og

kom samstörfunum af stað með aðstoð forstöðumanns. Forstöðumaður byrjaði á því að hafa samband við alla fyrrum samstarfsaðila í byrjun apríl og fékk þátttöku þeirra staðfesta. Þegar Alexandra hóf störf um miðjan maí tók við undirbúningsvinna hjá henni, að undirbúa upplýsingar fyrir samstarfsaðila, senda þeim upplýsingarnar og bóka með þeim fundi. Í upplýsingapósti sem samstarfsaðilar fá fyrir fundinn með okkur er farið vel yfir verklag Vinnuskólans, hámarks vinnustundir ungmenna, tímaskráningakerfið Kríu, launatímabil Reykjanesbæjar o.s.frv. Með upplýsingapóstinum fylgdi vefslóð á bókunarsíðu þar sem stjórnendur samstarfsverkefnana gátu valið sér fundartíma með okkur.

Það er mikilvægt að hitta alla stjórnendur samstarfsverkefna ár hvert óháð því hve lengi samstarfið hefur varað, mikilvægt er að hittast í persónu, mynda gott samband og fara yfir grunnatriðin saman. Á fundinum er samstarfsaðilum komið inn í tímaskráningakerfið Kríu, netfang þeirra og símanúmer tekið niður og bæði skráð í Excel skjal og í Kríu, hámarks vinnustundir ungmenna ítrekaðar sem og launatímabil Reykjanesbæjar.

9. Námskeiðsvika starfsfólks

Námskeiðsvika var haldin fyrir starfsfólk vikuna 5. - 9. júní, en fyrri ár hafa námskeiðin verið haldin á víð og dreif yfir þriggja vikna tímabil í maí og júní. Það er mat okkar að betra sé að hafa öll námskeið í sömu viku, og að sú vika sé haldin í byrjun júní. Þá er hægt að gera þá kröfu að allir starfsmenn mæti á námskeiðin, en ef námskeiðin eru haldin í maí eru mörg þeirra enn bundin í öðru starfi eða í skóla. Það reyndist samt sem áður krefjandi að fá stjórnendur skólana til að hleypa fólki á námskeið til okkar, þrátt fyrir að námskeiðin væru í júní og mest allri starfsemi í skólunum lokið. Við ráðleggjum því næsta forstöðumanni að hafa samband við skólastjóra grunnskóla Reykjanesbæjar með fyrirvara og ítreka mikilvægi þess að starfsfólk mæti á námskeiðsvikuna.

Námskeiðsvikan bar heitið „Jákvæður leiðtogi“ og voru eftirfarandi kynningar haldnar; *Inngangur að vinnuskólanum, Workplace og Kría, Verklegt starf og verkferlar, Mannauðsstjóri Reykjanesbæjar, Skyndihjálparnámskeið, Vinnuvernd, Barnavernd, Símanotkun og samskipti, Sérþækar stuðningsþarfir, Ungmenni gera vel þegar þau geta, Jákvæður leiðtogi frá KVAN*. Hópefli var tvisvar yfir vikuna og ígrundun í lok hvers dags, þar sem starfsfólk ígrundaði hvað það hafði lært þann daginn og hvernig það gæti nýtt sér þá vitneskju í starfinu framundan.

Inngangur að vinnuskólanum fól í sér kynningu á öllum grunn atriðum starfseminnar, en meðal annars var farið yfir ráðningarsamninga, ábyrgð og hlutverk flokkstjóra, ábyrgð og hlutverk umsjónateymisins, samskiptaleiðir á vinnutíma, óskir um leyfi og veikindi, og verklag grunnskólahópana. *Workplace og Kríu kynningin* fól í sér að starfsfólk var fengið til að skrá sig inn og þar með stofna aðgang að forritunum, en einnig var þeim komið inn í forritið Excel sem við notum í skipulag verklegs starf. Kynningin á *verklegu starfi og verkferlum* fól í sér kynningu á hefðbundnu starfi ungmenna við götu- og beðahreinsun, og á verkferlum við atvikum sem kunna að koma upp á vinnutíma, með áherslu á reglur og viðbrögð við brotum á reglum ungmenna.

Kristinn Óskarsson, mannauðsstjóri Reykjanesbæjar hélt kynningu fyrir okkur um hvað felst í því að vera góður leiðtogi. Hann var hvetjandi og veitti góðan innblástur inn í sumarið.

Skyndihjálparnámskeiðið var haldið af Guðrúnu Ösp hjúkrunarfræðing líkt og fyrri ár, mikilvægt er að allir tilvonandi starfsmenn sitji námskeiðið. Vinnuskólar Suðurnesjabæjar og Voga fengu að sitja skyndihjálparnámskeiðið hjá okkur, og greiddu fyrir sína starfsmenn.

Vinnuverndarnámskeiðið setti Aníta Lind forstöðumaður upp, byggt á vinnuverndarnámskeiðinu frá árinu 2022. Námskeiðið var hnitmiðað og tók í heildina tvær klukkustundir. Starfsfólk hafði orð á því hve vel þau náðu að halda einbeitingu og meðtaka efnið, samanborið við hið upprunalega vinnuverndarnámskeið en þar er farið yfir ýmis atriði sem gagnast starfsemi okkar lítið eða ekkert.

Fræðslan frá barnavernd fól í sér kynningu á starfsemi barnaverndar og verkferlum bæði hjá Vinnuskólanum og Barnavernd þegar mál koma upp. Farið var vel yfir einkenni ofbeldi og vanrækslu og fyrstu viðbrögð ef ungmenni tilkynna starfsfólki um slík mál.

Gunnhildur Gunnarsdóttir og Thelma Hrund Hermannsdóttir héldu fræðslu um símanotkun og samskipti, byggða á þeim fræðsluherferðum sem þær fóru með í grunnskóla Reykjanesbæjar skólaárið 2022 – 2023. Þær lögðu áherslu á að starfsfólki lágmarki símanotkun á vinnutíma þrátt fyrir að starfið feli í sér töluverða símanotkun, og að starfsfólk gæti þess hvað þau setja á netið í ljósi þess að þau eru fyrirmyndir ungmennanna.

Hreggviður Hermannsson setti upp og hélt fræðslu um sértækar stuðningsþarfir, þar sem flokkstjórar öðluðust grunnþekkingu á algengum stuðningsþörfum sem dæmi einhverfu og ADHD. Flokkstjórar voru allir sammála um að nauðsynlegt væri að fá fræðslu á grunnatriðum einhverfu og ADHD til þess að skilja og geta mætt ungmennunum betur.

Einar Trausti yfirsálfræðingur Reykjanesbæjar hélt kynninguna *Ungmennni gera vel þegar þau geta*, sem fól í sér áherslu á að mæta ungmennum þar sem þau eru. Hann fór sem dæmi yfir muninn á jafnrétti og jafnræði, sem stóð sérstaklega upp úr að mati flokkstjóra og nýttist þeim vel í starfi.

KVAN lauk vikunni á fyrirlestrinum Jákvaður leiðtogi. Hann fjallaði um sjálfstraust og hvernig við getum stuðlað að bættu sjálfstrausti okkar og ungmenna. Að mikilvægt væri að gera ávallt sitt besta hverju sinni, og að mistök eru í lagi. Einnig fór hann yfir markmiðasetningu og hvernig auka má einbeitingu, en á sama tíma njóta augnabliksins. Hann fór með flokkstjóra í gagnlega leiki sem höfðu það markmið að styrkja samhældni, sem flokkstjórar gátu nýtt sér með hópana sína í sumar.

10. Fræðsludagur Vinnuskólans

Fræðsludagur Vinnuskólans var haldinn miðvikudaginn 21. júní fyrir ungmenni í hefðbundnu starfi við götu- og beðahreinsun. Fræðsludagurinn bar heitið “Út í lífið” og var markmiðið að kynna atvinnumarkaðinn og grunnatriði tengd honum og veita þannig ungmennum Vinnuskólans hagnýtar upplýsingar út í lífið. Fyrirlestrarnir voru fjórir talsins og voru eftirfarandi: *Fjármál með Ólafi Berg Ólafssyni, Samfélagsmiðlar með Gunnhildi Gunnarsdóttur, Vinnum saman með Umsjónarteymi Vinnuskólans, og Barnavernd með Þórdísi Elínu Kristinsdóttur*. Vegna fjölda ungmenna var dagurinn tvískiptur, fyrir hádegi sátu Myllubakkaskóli, Holtaskóli, Heiðarskóli og Njarðvíkurskóli fyrirlestra. Eftir hádegi sátu Háaleitisskóli, Akurskóli og Stapaskóli fyrirlestra. Dagurinn gekk vel fyrir sig og við teljum hann mikilvægan fyrir ungmennin, og erum sannfærð að allir sem voru viðstaddir fyrirlestrana hafi tekið einhverjar hagnýtar upplýsingar með sér út í lífið.

11. Forvarnardagur Vinnuskólans og Fjörheima

Forvarnardagur Vinnuskólans var haldinn miðvikudaginn 28. júní fyrir ungmenni í hefðbundnu starfi við götu- og beðahreinsun. Forvarnardagurinn hefur verið haldinn í nokkur ár í þeim tilgangi að vekja athygli ungmenna á hættum í umferðinni og öryggi við notkun á þeim farartækjum sem þau nota mest, t.d. vespur og rafhlaupahjól. Eftirfarandi aðilar tóku þátt í deginum og gerðu daginn að því sem hann var: *Lögreglan á Suðurnesjum, Slysavarnardeildin Dagbjörg og Ernir bifhjólaklúbbur Suðurnesja*. Vegna fjölda ungmenna var dagurinn tvískiptur, fyrir hádegi sátu Háaleitisskóli, Akurskóli og Stapaskóli fyrirlestra. Eftir

hádegi sátu Myllubakkaskóli, Holtaskóli, Heiðarskóli og Njarðvíkurskóli fyrirlestra. Í lok viðburðar voru grillaðar pylsur fyrir ungmennin og dagurinn gekk í heildina vel fyrir sig.

12. Heilsa og líðan starfsfólks Vinnuskólans

Það er umsjónarteyminu afar mikilvægt að öllu starfsfólki Vinnuskólans líði vel í starfi og taki með sér hagnýta reynslu og góða upplifun frá vinnusumrinu út í lífið. Í upphafi sumars var lögð fyrir könnun á væntingum og viðhorfi starfsfólks til sumarsins. Á hverjum föstudegi á tímabilinu 12. júní til 27. júlí voru svokallaðir fösudagsfundir þar sem hver og einn skóli (hópur flokkstjóra) kom og hitti umsjónarteymið, fór yfir liðna viku og úrlausnir við þeim málum sem upp komu. Við leggjum áherslu á að stuðla að góðu vinnuumhverfi og hafa þessir fundir reynst okkur vel í að gera sífellt betur.

Mánaðarmótin júní - júlí var lögð fyrir ánægjukönnun og komu niðurstöður hennar mjög vel út (meðal starfsánægja 9.46). Helstu áskoranir starfsins sagði starfsfólk vera slæm veðurskilyrði og krefjandi samskipti við ungmenni. Umsjónarteymið skipulagði heilsu- og hóp eflandi dag fyrir starfsfólk sem hófst á yoga, næst var haldið körfuboltamót og grillað í lok dags. Það er mikilvægt að stuðla að góðum samskiptum á milli starfsfólks, efla tengsl þeirra og þar af leiðandi samstarf þeirra á milli. Að stuðla að góðri líðan þeirra og góðri upplifun frá vinnusumrinu, verður til þess að fólk er líklegra til þess að koma til starfa aftur og skiptir reynsla einstaklega miklu máli í þessu starfi.

13. Samskiptamál og önnur atvik

Vinnuskólinn er umhverfi þar sem ungmenni upplifa sig frjálssari en í grunnskóla sínum, þrátt fyrir skýrar reglur og fyrirmæli. Þetta reynist ungmennunum flókið og starfsfólki krefjandi og ár hvert koma upp mál sem þarf að skoða og hafa samband við forsjáraðila vegna. Sumarið 2023 gekk vel fyrir sig og lítið var um alvarleg mál, en þau mál sem komu helst upp voru að ungmenni höfðu rafrettu meðferðis í vinnu eða jafnvel notuðu þær í vinnu.

Við gerðum ráð fyrir því að Holtaskóla hópurinn yrði mest krefjandi og vönduðum við valið á flokkstjórum með þann hóp einstaklega vel og urðu eiginleikar þeirra Axel Ingi Auðunsson og Helgi Bergmann Hermannsson fyrir valinu. Sumarið gekk einstaklega vel hjá hópnum þeirra og engin alvarleg mál komu upp þar. Almennt voru hóparnir til fyrirmyndar, en Stapaskóla hópurinn reyndist vera mest krefjandi fyrir starfsfólk að eiga við og þurfti

ítrekað að hafa samband við forsjáraðila þessa hóps, sem ávallt tóku vel í símtöl og úrræði okkar.

Í Heiðarskóla var ungmenni í vinnu sem var boðið pláss í hópnum með sértækar stuðningsþarfir en óskaði þess sérstaklega að vera í Heiðarskólahópnum og urðum við við því. Ungmennið veittist að flokkstjóra í vinnu, og var þar af leiðandi vísað úr vinnuskólanum undir lok sumars eftir ítrekuð brot eða atvik yfir sumarið og árangurslausar tilraunir til bætingar. *Við leggjum til að á næsta ári verði verkferill í slíkum málum á þann veg að Vinnuskólinn tilkynni Velferðarsviði um málið, að Vinnuskólinn hafi ekki fleiri úrræði fyrir viðkomandi og athugar hvort að Velferðarsviði hafi einhver úrræði. Næst sé hringt í foreldra og þeim tilkynnt um niðurstöðu, og þeim beint á Velferðarsvið þegar það á við.*

Einnig urðu nokkur smávægileg óhappamál, sem dæmi brotnuðu gleraugu ungmennis í vinnu vegna háttsemi ungmennis sjálfs, en líkt og segir í reglum og skilmálum Vinnuskólans bera ungmenni ávallt ábyrgð á eigum sínum og var Vinnuskólinn því ekki bótaskyldur fyrir gleraugunum.

Í flestum þeim tilfellum sem hringt var heim í forsjáraðila, varð breyting til batnaðar á framkomu ungmennis í vinnu. Í öðrum tilfellum var hringt ítrekað í forsjáraðila og engin breyting varð til batnaðar. Gera þarf ráð fyrir þessum tilfellum og halda áfram að efla þá þjálfun sem starfsfólk okkar fær í upphafi sumars, svo þau séu betur fær um að takast á við slík tilfelli.

Þrátt fyrir að Vinnuskólinn leggi sig allan fram við að þjónusta öll ungmenni bæjarins er þó mikilvægt að virða þolmörk starfsfólks og gæta að líðan þeirra í starfi, sérstaklega í ljósi þess að flest þeirra eru ung, án menntunar í faginu og jafnvel reynslulaus. Mikilvægt er að grípa í viðeigandi verkferla þegar við á, sem dæmi brottvísunar ungmennis úr starfi, en gæta þarf vinnubragða einstaklega vel í slíkum tilfellum og að öllum úrræðum hafi verið beitt áður.

Nokkur tilfelli urðu þar sem umsjónarteymi þurfti að tilkynna til Barnaverndar, en þá var einungis um áhyggjur að ræða en ekki beint um alvarlega frásögn ungmennis. Barnavernd tók við tilkynningunum og þar með hlutverki Vinnuskólans lokið.

14. Lokaorð

Sumarið 2023 gekk vel fyrir sig, umsjónarteymið myndaði góða heild sem vann vel saman, starfsánægja starfsfólks mikil og lítið um mál á meðal ungmenna. Forsjáraðilar tóku ávallt vel í símtöl frá okkur og í þær tillögur að úrræðum sem við lögðum til. Aðrar deildir innan Reykjanesbæjar voru okkur góðu stuðningur og ávallt innan handar, og skilum við sérstökum þökkum til Barnaverndar, Barna- og fjölskylduteymis og Launadeildar fyrir aðstoðina í sumar. Starfsfólk þjónustuvers Reykjanesbæjar á einnig hrós skilið fyrir starf sitt. Það er von okkar að Vinnuskólinn haldi áfram að taka framförum ár hvert, en til þess að sú þróun haldi áfram er einstaklega mikilvægt að vanda til verka þegar kemur að ráðningum og þiggja aðstoð mannauðsstjórnenda Reykjanesbæjar í því ferli. Einnig er mikilvægt að vekja áfram athygli á starfsemi Vinnuskólans og þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir, bæði fyrir starfsfólki Reykjanesbæjar sem og öðrum bæjarbúum.

Aníta Lind Róbertsdóttir, Alexandra Mist Gunnarsdóttir og Hreggviður Hermannsson

Umsjónarteymi Vinnuskóla Reykjanesbæjar sumarið 2023